

Fundur í YFN BLÍ þriðjudaginn 19.maí 2015

Mættir voru: Gunna Stína, Ásta Sigrún, Valgeir, Torfi frá Fylki og Hrafnhildur frá Þrótti R, og í símanum voru Friðrika frá KA og Þorbjörg frá Þrótti Nes.

Torfi tillkynnti að Gunnþór kæmi inn í nefndina í hans stað og Hrafnhildur kom inn frá Þrótti R.

Afreksbúðir BLÍ í ágúst

- Ákveðið var að halda Afreksbúðir fyrir krakka fædda 2001-1998 helgina 22-23 ágúst. Gunna Stína ath með Varmá og Varmáskóla undir gistingu og fæði.
- Búðirnar yrðu byggðar upp svipað og maí búðirnar í fyrra. A –landslíðspjálfarar kk og kvk yrðu yfirþjálfarar búðanna og með þeim myndu vinna þjálfar U17 og U19 landsliðanna.
- Ekki yrði keyrt þjálfanámskeið samhliða búðunum.
- Þessar búðir þurfa að vera í samstarfi við landsliðsnefnd BLI vegna aðkomu landsliðspjálfaranna.

1. Framtíðarhópar ungmenna, pílta og stúlkna í samstarfi við landsliðsnefnd BLÍ og landsliðspjálfara.

Mjög þarft verkefni og frábært en þarf að passa upp á að halda því vakandi og að allir landsfjórðungar fái notið þess. Spurning hverjir sjái um þjálfunina á hverjum stað og hvort samræming sé á milli þess hvað sé kennt og hvernig. Og einnig að samræmi sé milli þess sem strákum og stelpum sé kennt. Samræma og ákveða hvaða tækni skuli kennd svo allir fái sömu þjálfun.

2. Mótahald á næstu leiktíð og dagsetningar

- ✓ Mótahald síðasta leikárs mikið rætt og allir sammála um að það hafi verið vægast sagt ömurlegt mótaár fyrir yngri flokka. Engin leið var að skjóta inn móti vegna þéttar dagskrár hjá eldri hópum innan BLÍ í mótahaldi eftir áramót. Rætt var um það hvort tími væri komin á að halda landshlutarmót og sigurvegarar færu á Íslandsmótið. Þótti það of snemmt og ákveðið í staðinn að breyta mótum næsta veturs þannig að landshlutamót fyrir 4. og 5.flokk fengu sínar helgar, ein helgi yrði fyrir áramót og ein helgi eftir áramót. Þessar helgar kæmu til viðbótar við Íslandsmótin og yrðu sjálfstæð mót. Austurland og norðurland myndu halda sameiginlegt mót og svo suðurlandið og vesturlandið myndu halda sameiginleg mót. Félög myndu sækja um að halda þessi mót eins og Íslandsmótin og yrði þeim úthlutað samhliða Íslandsmótunum. Fyrri helgin sem mótin yrðu væri helgin 10-11 október en það er helgin áður en U19 heldur á NEVZA mótið í Danmörku svo það ætti ekki að taka helgi frá öðru mótahaldi. Félögum er í frjálst vald sett hvort einnig verði haldið mót fyrir 3.flokk samhliða.
- ✓ Rætt var um fyrirkomulag móta og uppröðun í A og B deildir í 3.flokki sértaklega og 2. flokki ef fjöldinn eykst þar. Boðið skal upp á A og B deildir og skulu þjálfarar beðnir um að meta það hvort lið þeirra spilaði sem A eða B lið. Ef fá lið eru í deild þá verður svo að vera. Ath hjá þjálfurum hvort möguleiki sé á að færa lið úr B í A deild t.d. ef þurfa þykir.

- ✓ Ákveðið að aðskilja Íslandsmót Vor fyrir 2. og 3.flokk og kemur það til vegna mögulegrar úrslitakeppni hjá meistaraflokkunum þar sem margir 2.fl. krakkar væru einnig að spila þar.
- ✓ Ekki er gert ráð fyrir því að mótahald þurfi að stoppa vegna landshlutamótanna, en YFN mælir þó með því við mótanefnd BLÍ að ekki verði settar turneringar í neðri deildum á þær helgar sem landshlutamótin eru sett.

Mótahald yngri flokka leiktíðina 2015-2016

Eftirtaldar dagsetningar hafa orðið fyrir valinu fyrir mótahald veturinn 2015-2016 og er mótanefnd BLÍ beðin um að hafa þær til hliðsjónar við niðurröðun móta á vegum sambandsins.

10-11 okt 2015: Landshlutamót fyrir 4-6 flokk, S-V-land og A-Norðurland.

7-8 nóvember 2015: Íslandsmót Haust fyrir 2 og 4.flokk

21-22 nóvember 2015: Íslandsmót Haust fyrir 3. og 5.flokk

30-31 janúar 2016: Bikarkeppni fyrir 2. og 3.flokk

5-6 mars 2016: Íslandsmót Vor fyrir 2.flokk

2-3 apríl 2016: Íslandsmót fyrir 3.flokk

16-17 apríl 2016: Landshlutamót fyrir 4-6 flokk. S-V-land og N-A-land.

30 apríl-1 maí: Íslandsmót Vor fyrir 4. og 5.flokk

3. Þjálfaramál innan BLÍ og uppbygging þjálfaramenntunnar

- **Fyrir krakkablak :** Þörf er á að samræma kennslu í t.d. bagger þannig að allir læri sömu tækni. Þörf er einnig á námskeiði í krakkablaki og var ákveðið að setja á námskeið í Krakkablaki helgina sem afreksbúðirnar eru þó ekki í sama húsi heldur aðskilið og rætt um að samræma krakkablaksnámskeið og ÍSÍ stig A námskeiðið. Rætt um að fá Viðar til að aðstoða við að gera námsgögn. Hægt væri að útskrifa Krakkablaksþjálfara á fyrsta stigi ef það námskeið væri með líka.
- **Fyrir 6 manna blak:** Ekki rætt mikið, en þörf er á að efla þjálfaramenntun og búa til staðlaða þjálfaramenntun hér á landi.

4. Önnur mál.

- Boltamál í krakkablaki. Mikasa virðist vera hætt að framleiða 200 boltann sem er notaður í 5.flokki. Hins vegar hefur umboðsaðili fyrir Wilson bolta haft samband og Ásta er með upplýsingar um þann bolta sem hún sendir á okkur. Við þurfum að fá upplýsingar og gera samning um kaup á þessum boltum ef þeir eru til hjá þeim því

160 boltarnir frá Mikasa eru allt of léttir og ekki nothæfir í 5.flokki. Þarf að vera hægt að kaupa þessa bolta á landinu.

- Mótamálin og breytingarnar sem gerðar voru eftir tilskipun frá A landsliðsþjálfurum: Þær virðast koma vel út og krakkarnir eru að tileinka sér bagger sem fyrstu snertingu sem er gleðilegt og þeim virðist ganga vel með það.